

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/77/EB**frá 20. desember 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.
nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
94/50/EB ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka
hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á
sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var stept saman með
tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾.

Nýtt aukefni í flokki sýklalyfja hefur verið prófað með góð-
um árangri í tilteknum aðildarríkjum. Leyfa ber tímabundna
notkun þessa nýja efnis innanlands uns unnt er að leyfa það
á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í
samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með
breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síð-
ar en 30. nóvember 1995. Þau skulu tilkynna það fram-
kvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar
þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari
reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni
helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-
efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún
birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 20. desember 1994.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*René STEICHEN
framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 27.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIDAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE:

Í A-hluta „Sýklalyf“ bætast eftirtalin atriði við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
32	Ardasín	$C_{81-83}H_{80-84}Na_2N_8O_{30}Cl_4$ (glýkópeptíð) Natríumsalt úr efnasambandi sem er samsettu úr 10 efnisþáttum: Þáttur A: 16-36% Þáttur B: 15-30% Efnisþættir C+C ₁ : 20-50% Efnisþáttur C ₂ : 5-14% Efnisþáttur D: 0-5% HP-4: 0-10% Framleiðandi <i>Kibdelosporangium aridum</i> (ATCC 39323). Ardasínmagn í leyfilegri efnablöndu: 25%	Holdakjúklingar	—	3	7	—	30. 11. 1995